

## ÚR LISTABÆNUM

### FORMÁLI

Nú í seinni tíð hafa margir listamenn sest að í Hveragerði um lengri eða skemmri tíma. Einnig eru margir handverksmenn búsettir í bænum. Því er ekki úr vegi að nefna nokkra þeirra. Að sjálfsgöðu einskorðast val mitt við þá sem ég veit um. Einnig hafa margir bent mér á aðra sem þeim finnst eiga heima á þessari vefsíðu. Ef lesendur síðunnar vita af fleirum þá væri mér það ljúft að bæta þeim við.

Markmiðið með síðunni er að lesendur sannfærast um hve mikil gróska er í listalífinu hér og ekki síður að meta hve langt einstaklingarnir eru komnir í list sinni.

### GAMALT HANDVERK

#### Anna Jórunn Stefánsdóttir


Gimbaður dúkur 13 cm þvert



Kniplað blóm í ramma 11 X 16 cm



Fíleraður dúkur 23 cm þvert



### SKEGG RASPÚTÍNS

#### Guðrún Eva Mínervudóttir



#### Aftan á bókarkápu:

*Einhvern tíma rakst ég á samanburð á enskum og spænskum farsa. Í þeim enska eru allir í örvæntingu að reyna að losna úr pínlegum aðstæðum; í þeim spænska eru allir á barmi taugaáfalls en hafa lúmskt gaman af því. Nú rann upp fyrir mér að líf okkar Ljúbu var spænskur farsi.*

Eva og Matti hafa nýlega umbylt lífi sínu og flutt úr miðborginni til smábæjar utan borgarmarkanna, en sitja samt uppi með sjálf sig og hvort annað. Vandamálin vaxa og óveðurský hrannast upp. Þá kynnist Eva rússneskumælandi garðyrkjubónda, Ljúbu, sem segir henni litríka sögu sína og fjölskyldunnar.

Sögur kvennanna tveggja spegla hvor aðra og vinátta þeirra hefur mikil áhrif á líf beggja. Úr verður einstök frásögn, skrifuð af þeim hlýja mannskilningi sem einkennir verk Guðrúnar Evu – um hlutskipti kvenna, samskipti kynjanna, örlög, frumkvæði, nánd og þau sannindi sem draumar geyma.

### MÁLVERK OG LJÓÐ

Gamall maður og blóm 30 40 cm



### Norma Elísabet Samúelsdóttir

#### Undurfagurt ljóð

Ljóðið undurfagra var á forsíðu menningarblaðsins svo undurfagurt hin réttu hlutföll réttu línur ljóðs Útlitið skiptir máli

#### Hjartans ljóð

Og hún heyrði hjarta sitt slá dinkadinka dink splash splash sá sprikland bleikt hjarta á skjá Lekur smá henni tjáð Þó ei hjartveikt ljóð Hjartans ljóð



Þetta allt og himininn líka 30 X 40 cm



## MÁLVERK Jakob Árnason



## ENGINN DANS VIÐ UFSAKLETT: ÁSTIN EIN TAUGAHRÚGA Elísabet Jökulsdóttir

### Sorg í líkamanum

Ég er með andþrengsli  
og þegar ég vakna  
er andlitið rúnum rist.

Ég er svo sorgmædd  
eða er það ástin  
sem er að missa hárið?

### Fortjaldið

Ef hann bankaði uppá  
og ég kæmi til dyra  
mjúk eins og fortjaldið  
gæti ég brunnið til ösku  
það væri hættulegt  
öruggara að rífast  
og slást.



ÞAÐ LÍÐUR HJÁ: Elísabet Jökulsdóttir og Matthías Rúnar Sigurðsson



## BRAGABÓT

### Rissmyndir Braga Einarssonar í Eden Þorsteinn Antonsson

Eden var í stuttu göngufæri frá heimili mínu við Reykjamörk og á góðviðrisdögum sumarsins labbaði ég þangað í morgunkaffi einu sinni til tvisvar í viku. Í Eden hittust títt af sama frjálisleik sömu menn við sama borð, sem ég hef kosið að kenna þessa kynningu mína á teikningum Braga garðyrkjumeistara í Eden við. Þær urðu til við þetta sama borð.

Eftir að veitingasalurinn í Eden var orðinn vinsæll áningarstaður í ferðum milli höfuðstaðarins og sveitanna austanfjalls varð Lambhúskróinn að óformlegum fundarstað svokallaðra menningarvita hvaðanæva að, myndlistarmanna, skálda og rithöfunda, svo og annarra spakvitringa og útisetumanna. Og Bragi gerði að vana sínum að taka sér hlé við borðið í básnum við gluggann til að eiga hlutdeild í umræðunum sem þar fóru fram og oft voru líflegar. Hann lét bera sér kaffið þangað og hafði fyrir vana að krota mannamyndir á servéttu sína sem fylgdi kaffinu.



## MÁLVERK OG LJÓÐ



Svanir á flugi 25 X 35 cm Vatnslitir

## Sæunn Freydís Grímsdóttir

### Slæmur dagur.

Æ mér leiðist, æ ég er  
eitthvað skritin sýnist mér  
kvalin er í hverju spori  
hvar skal stíga, varla þori  
mig að hreyfa, hart nú er  
hvergi smuga sýnist mér  
allar gáttir eru huldar  
allar leiðir sýnast duldar.



Leikur að litum 70 X 70 cm Olífa

**LEIRKERASMIÐUR OG LISTMÁLARI**

**Anna Sigríður Hróðmarsdóttir**



Sæmdarhjón hæð 25 cm



Mjólkurkýr mismundi hæðir



Hamfarir 2016 25 X 25 cm


**MÁLVERK**

**Ásta Þórey Ragnarsdóttir**

Ávaxtaborð 60 X 80 cm



Keilir 60 X 70 cm



Gamla búrið 60 X 80 cm



**TEIKNINGAR**

**Halldór Scheving Viðarsson**

The Scorerer

John Lennon



## LJÓÐSKÁLD OG MYNDLISTAMAÐUR

Pjetur Hafstein Lárusson

### ÞAÐ VERÐUR ALDREI

Það verður aldrei ljóð úr þessum degi  
haustgráum strætum þakinn sem hann er  
og fjarrænum ásjónum fólks án staðar og stundar  
sem nemur ekki söng úr rauðu laufi  
greinar sem nektin senn mun svipta duld.


Nei, það verður aldrei ljóð úr þessum degi  
en hljóðláta von í hjarta hann vekur  
sem blóm er vorsins angan forðum bar  
og enn mun syngja ástinni til yndis  
er strætin verða sumargræn og fögur



Sólrís 50 X 50 cm Akríllitir

### ÓÐUR TIL VÍÐÁTTUNNAR

Ég vildi vera svanur  
á flugi upp til fjalla  
hvítum vængjum þaninn  
áhyggjulaus og ungur  
með víðáttunnar einar  
sem minn heim  
minn heim, öllum öðrum hulinn  
renna niður á hyldjúp vötn  
teiga bláma þeirra  
syngja lífsinu óð  
lífinu einu  
að enginn mætti heyrna  
nema fjöllin blá  
nema vötnin blá  
nema víðátta fjalla og vatna.



## ATHAFNASKÁLD

Ljón norðursins

Höfundur bókarinnar: Bjarki Bjarnason

Í þessari einstöku bók rekur Leó Árnason (1912–1995) lífshlaup sitt,  
frá því að hann var smaladrengrur á  
sauðskinnsskóm norður á Skaga og  
þar til hann siglir á brott á Knerri  
sannleikans með óvæntan farþega  
um borð.

Leó var á sínum tíma umsvifamikill  
athafnamaður og um hríð einn af  
auðugustu mönnum landsins en þar  
kom að skip hans steytti á skeri;  
hann sneri baki við borgaralegu  
lífurni, gaf sig listagyðjunni á vald og  
kallaði sig Ljón norðursins.

*Skáldskapurinn er sannur  
en svonefndur sannleikur  
er aftur á móti helber uppspuni.*



Húsið við klettana  
Vatnslitir 33 X 20 cm

## LJÓSMYNDARI OG LJÓÐSKÁLD



### ARTVIN ARARAT II

Nei herra, engin gluggatjöld  
utan þetta hvíta fjall í sortanum  
Já.

### BÆN

Orð  
brennur á vörum  
blómgist í hjarta mér

orðið

og hljómi  
í trommuskógum  
smáfuglasöngur

þetta granna  
ljóseygða tíst  
í trommuskógum

## Sveinbjörn Þorkelsson

orð

og brennur á vörum  
blómgist í hjarta mér

orðið.



Jarlhetta Olía 80 X 60 cm



**MÁLVERK**  
Helga Haraldsdóttir



Abstrakt 40 X 50 cm



Landmannalaugar Olía 100 X 70 cm

**RENNDIR HLUTIR**

**Helgi Kristmundsson**



Pennar



Mörgæsafjölskylda



Snjókarl með kerti í hattinum



Jólaakúlar

**LIÐSKÁLD, RITHÖFUNDUR OG MÁLARI**

**Gunnar Dal**


**Kastið ekki steinum**

Kastið ekki steinum  
í kyrra tjörn.  
Vakið ekki öldur  
óvita börn.  
Gárið ekki vatnið  
en gleðjumst af því  
að himininn speglast  
vatninu í.

**Ég er nóttin ...**

Ég er nóttin,  
Sem þöglul og þungfleyg líður  
Um þokunnar eyðilönd.  
Og ég er sá  
Sem bakvið nóttina bíður  
Ég er nóttin,  
Lukt stjórnumsæ blárra strauma  
er stafa af himni og jörð.  
Ég er sá,  
sem er dreymandi allra drauma.

**Kötturinn**



**RITHÖFUNDUR**

**Þorsteinn Antonsson**



bókinni *Skrifað og skrafað* eru  
ritsmíðar þekktra og óþekktra  
íslenskra höfunda frá síðustu

öldum. Ritsmíðar sem orðið hafa  
utangátta í þjóðarsögunni, kannski  
helst vegna frjálslyndis höfundanna  
á einhverju skeiði ævi sinnar og þar  
með þörf þeirra á þeim tíma fyrir að  
brjótast undan viðteknum  
siðareglum samtíðar sinnar. Sum  
frumritanna hefur umsjónarmaður  
sótt í Konunglegu bóklöðuna  
dönsku og hafa ekki komið fram í  
dagsljósið fyrr en nú. Önnur eru  
varðveitt í innlendum skjalasöfnum.  
Í bókinni segir með orðum  
Þorsteins Erlingssonar skálds af  
fyrstu tilraun Íslendinga til að færa  
sönnur á Vínlandsferðir samlanda  
sinna á söguöld. Og fylgir ljóð

skáldsins sem ekki hefur áður  
komið á bók. Sama um  
meðfylgjandi ljóð Hannesar  
Hafstein og Jóhanns Sigurjónssonar.  
Dagbók Þorkels Fjeldsted  
amtmanns úr Finnmerkurferð hans  
á 18. öld vegna þessa embættis  
hans hefur verið fæstum kunn fram  
til þessa. Leikritið *Misgrip* eftir  
nokkra þjóðkunna menn á 19. öld  
hefur verið álitnið  
glaða. *Aldahrollur*, hinn hápólitíski  
vísnaþákur Sigurðar  
Guðmundssonar málara hefur  
varðveist í mörgum uppskriftum en  
getur ekki talist hafa ratað á prent  
fyrir en nú þrátt fyrir  
samtíðarvinsældir.

## LJÓÐSKÁLD

Kristján Runólfsson

Eftir því má enginn bíða,  
í akur lífs að marka spor,  
öllum ber að iðja og stríða,  
efla visku kraft og þor.  
Skal því hver í skyndi nýta,  
skamman tíma hér á jörð,  
öllu góðu ávallt flýta,  
áður en fellur í kaldan svörð.

*Þetta ljóð er ort þegar Aron barnabarn  
Kristjáns varð afbrýðisamur og sár yfir  
því að afi átti önnur afabörn en hann.*

Ilmar tíðum bundinn blómakrans,  
hann býður þokkann frítt á hverjum  
degi.

Eins er logi á kerti kærleikans,  
þótt kveikt séu fleiri ljós,  
hann minnkar eigi.

## LJÓSAÞVAGA

*Sem einnig má lesa frá fyrsta orði og  
niður, öðru orði og niður og svo framvegis  
– en rímlaust.*

Margar ljúfar lífsins stundir,  
ljúfar fylgja straumi tímans,  
lífsins straumi storkum aldrei,  
stundir tímans aldrei gleymast.

## ÚTSKURÐUR OG LJÓSMYNDIR

Eyvindur F. Magnússon



Inngangur  
í Aldingarðinn

Hveragerði - Jarðlitir



Askur og Embla – við sundlaugina í Heilsustofnun NLFÍ

## ÞÚSUNÐÞJALASMIÐUR

Kristinn Reyrr

rithöfundur – ljóðskáld – tónskáld – listmálari


### AMORELLA

Kristinn Reyrr: ljóð og lag

Ungmeyja þar á torgum  
í erlendum hafnarborgum  
og skál jafnt í gleði og sorgum  
var skuggi míns draums um þig.

Í laufskála okkar kynna  
við logaspil handa minna  
og fyrirheit augna þinna  
ég faðma og kyssi þig.

Ljúfasta Amorella,  
ástvina mín la bella  
ó, lífið er tarantella,  
ég tilbið og elska þig.



## LJÓÐSKÁLD


Kristján Hreinsson

### AÐ LIFA ER AÐ GEFA

Að lifa er að gefa hér bæði margt,  
að magna hverja hugsun sem fegurð lífsins á,  
þá ást sem býr í brjósti er stundir líða hjá.  
að geta náð að skynja af alúð augnablikið;

Ef hugsunin er fögur og fær mig til að tárast  
þá titra í mér hjartað og sálin flýgur sátt,  
því lífið hefur tilgang í ást sem aldrei klárast  
en ævinlega blómstra á lífsins besta hátt.

Ég mína trú á tilgang og fegurð fæ að játa  
svo fagna ég því öllu sem lífið veitir mér.  
Ef hjartað þiggur hlýju af gleði má ég gráta  
og gjöfum lífsins deili ég auðvitað með þér.



Vinur minn efaðist um að  
Kristján ætti heima á  
þessum síðum.

Ég tjáði honum að ef  
einhver ætti rétt á að vera  
hér þá væri það einmitt  
Kristján Hreinsson.

Hann átti nefnilega  
kærustu í Hveragerði á  
sínunum yngri árum.

## RITHÖFUNDUR

Bjarni Eiríkur Sigurðsson

### Bernskubrot



„Upp úr miðju sumri heyrði hann fyrst talað um  
Hveragerði. Pabbi hafði sótt um kennarastöðu þar og  
líka á Suðureyri við Súgandafjörð. Hann fékk jákvætt  
svar frá báðum stöðunum og nú var talað mikið í  
eldhúsinu heima sem var ósköp lítill eldhúsbekkur rétt  
utan um vaskinn og skápar þar yfir fyrir leirtauið. Undir  
glugganum var borð sem rúmaði mest fjögur sæti svo  
þarna var pláss fyrir mömmu og pabba, stóru systur og  
mannsefni hennar sem hét Guðjón.. Það var setið undir

bræðrunum tveimur en hann og litla systir stóðu bara fyrir aftan hópinn og  
hlustuðu.“

Í viðtali við Morgunblaðið:

"Stirðlæsir krakkar voru á mínum  
uppvaxtarárum taldir heimskir og  
nutu sín ekki sem skyldi. Í dag er  
þessu vandamáli að sjálfsögðu sýnt  
ólíkt meiri skilningur og sjálfur hef ég  
unnið með ótölulegum fjölda  
lesblindra barna, sem hefðu líklega  
verið kölluð heimskingjar áður fyrir  
og lögð í einelti eins og ég."

## LISTMÁLARI

Víðir Mýrmann



Snæfell. Olía á striga. 130 X 130 cm

Fjara  
Olía á striga  
90 X 90 cm



Öldurót  
Olía á striga  
90 X 90 cm

## MYNDLIST



Bönd 60 X 80 cm

## Önnöna



Hátíðni 40 X 80 cm

## Jóhanna Heiðdal Harðardóttir



No name 80 X 120 cm

## LJÓSMYNDARI

## Norbert Muller



Sólsetur



Príhnúkagígur



## LEIRKERASMIÐUR Fríða Margrét Þorsteinsdóttir



## SKARTGRIPIR Ólöf Guðrún Björnsdóttir







## HÉR GALA GAUKAR – HÉR SPRETTA LAUKAR

Í Grunnskólanum í Hveragerði fer fram blómlegt starf í listum og handíð. Hér á eftir fylgja sýnishorn að myndlist nemenda og leirmótun – kennari Lilja Guðmundsdóttir.

Ég vona að með haustinu geti ég sett inn sýnishorn af textílvinnu – kennari Auðbjörg Jónsdóttir, smíðum – kennari Jón Einar Valdimarsson svo og dæmi um ritlist – ýmsir kennarar í íslensku.



**MARGIR HAFU LÝST YFIR ÁHUGA SÍNUM Á ÞVÍ AÐ BÆTAST Í HÓPINN HÉR Á SÍÐUNNI  
VONANDI VERÐUR ÞAÐ FYRR EN SEINNA**